



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 20. nóvember 2025

MSS25100020

HSG

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 18.11.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga borgarfulltrúa Viðreisnar um fjárfestingaráttak í endurgerð og viðhaldi á gangstéttum í Breiðholti, Árbæ og Grafarvogi

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Viðreisnar:

Lagt er til að farið verði í áttak um endurgerð gangstétta í Breiðholti, Árbæ og Grafarvogi. Sett verði inn í fjárfestingaáætlun borgarinnar fimm ára áttak í viðhaldi og endurgerð gangstétta í þessum hverfum. Gangstéttir á svæðunum eru að þó nokkru leyti ónothæfar eða mjög skemmdar. Viðhald gangstétta hefur ekki verið sett í nægilegan forgang og hafa þær verið endurnýjaðar af handahófskenndu vali í samfloti við aðrar framkvæmdir. Í samræmi við gönguvæna borg sem nú er unnið að hörðum höndum þar sem gangstéttir borgarinnar eru grunnstoð er mikilvægt að stíga strax inn og horfa til þess við gerð fimm ára fjárfestingaráætlunar 2026-2029. Í fyrrnefndum hverfum voru gangstéttir lagðar fyrir rúmlega 40 árum. Auk þess er lagt til að eyrnamerkja fjármagn til að styðja við stærri húsfélög við að ráðast í framkvæmdir um endurgerð og viðhald gangstétta á lóðum húsfélaga, umgjörð utan um það verði sett við upphaf áttaksins.

Greinargerð fylgir tillögunni. MSS25100020

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til að í upphafssetningu tillögunnar komi orðin „í öllum hverfum borgarinnar“ í stað orðanna „Breiðholti, Árbæ og Grafarvogi“. Upphafssetningin hljóði því svo: „Lagt er til að farið verði í áttak um endurgerð gangstétta í öllum hverfum borgarinnar.“ Sama breyting verði gerð á heiti tillögunnar.

Breytingartillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalístaflakks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn 10 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins.

Borgarfulltrúi Viðreisnar situr hjá við afgreiðslu málsins.

Samþykkt að vísa tillögu borgarfulltrúa Viðreisnar til meðferðar borgarráðs.

Borgarfulltrúi Viðreisnar leggur fram svohljóðandi bókun:



Reykjavík



Viðgerðir og viðhald gangstétta og stíga er ekki valkvætt verkefni, þetta er viðhald á grunnstoðum þess samfélags sem borgina byggir. Hryggir það fulltrúa Viðreisnar að ekki sé strax tekið tillit til þess hvað fyrirséð viðhaldspörf mun kosta og allir virðast hér meðvitaðir um. Fyrir liggur að þetta eru aðgerðir sem þarf að fara í en þær eru ekki sýnilegar í áætlunum. Ábyrg áætlanagerð er hornsteinn í þessari tillögu.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Afar brýnt er að ráðast í fjárfestingaráttak í endurgerð og viðhaldi á gangstéttum í borginni allri. Því er tillögunni fagnað og vonir bundnar við að meirihlutinn færi til fjármagn í fjárfestingaáætlun og kynni við aðra umræðu fjárhagsáætlunar í desember.

Dís Sigurgeirsdóttir
e.u.



Reykjavík



Tillaga borgarfulltrúa Viðreisnar um fjárfestingaráttak í endurgerð og viðhaldi á gangstéttum í Breiðholti, Árbæ og Grafarvogi

Lagt er til að farið verði í áttak um endurgerð gangstétta í Breiðholti, Árbæ og Grafarvogi. Sett verði inn í fjárfestingaáætlun borgarinnar fimm ára áttak í viðhaldi og endurgerð gangstétta í þessum hverfum. Gangstéttir á svæðunum eru að þó nokkru leyti ónothæfar eða mjög skemmdar. Viðhald gangstétta hefur ekki verið sett í nægilegan forgang og hafa þær verið endurnýjaðar af handahófskenndu vali í samfloti við aðrar framkvæmdir. Í samræmi við gönguvæna borg sem nú er unnið að hörðum höndum þar sem gangstéttir borgarinnar eru grunnstoð er mikilvægt að stíga strax inn og horfa til þess við gerð fimm ára fjárfestingaráætlunar 2026-2029. Í fyrrnefndum hverfum voru gangstéttir lagðar fyrir rúmlega 40 árum. Auk þess er lagt til að eyrnamerkja fjármagn til að styðja við stærri húsfélög við að ráðast í framkvæmdir um endurgerð og viðhald gangstétta á lóðum húsfélaga, umgjörð utan um það verði sett við upphaf átaksins.

Greinargerð

Vinna við gönguvæna borg er hafin en er á byrjunarreit. Sannarlega má fagna því að samstaða er um að móta heildstæða stefnu um þau mál. Engan tíma má missa og þarf að byrja strax þar sem vandamálin eru augljós. Hér lögð fram tillaga um fjárfestingaráttak nú strax í komandi fjárfestingaráætlun og fimm ára áætlun.

Hluti af gönguvænni borg er aðgengi fyrir alla. En eins og staðan er í dag er ekki auðvelt fyrir hreyfihamlaða að ferðast um fyrrnefnda göngustíga. Ekki má gleyma okkar yngstu íbúum sem ferðast um í vögnum og er ekki svefnfriður fyrir hossum og hristingi. Börnin í borginni læra að ná tökum á fótum sínum og jafnvel að stýra hjólum. Þetta gildir að sjálfsgöðu þvert yfir æviskeiðið, við viljum geta gengið um.

Stígarnir í fyrrnefndum hverfum voru flestir lagðir á árunum 1972 til 1980 og hafa margir hverjir ekki verið endurnýjaðir. Einhverjir þeirra hafa verið endurnýjaðir í tengslum við endurnýjun lagna o.s.frv. En stór hluti hefur ekki verið endurnýjaður. Ekki eru til opinber birt gögn um stöðu þessara gangstétta en samkvæmt okkar rannsóknnum er langt yfir helmingur þeirra gerónýtur eða í minna en 90% lagi samkvæmt því skimunarmódeli sem borgin nýtti þegar síðast þegar mat var unnið en var það árið 2012.

Skimunarmódelið sem keyrt hefur verið er ein af mögulegum útfærslum við kortlagningu á ástandi gangstétta. En þegar staðan er svo slæm eins og á við í þessum hverfum er að mati Viðreisnar ekki þörf á að fjárfesta í viðbótar greiningarvinnu heldur setja fjármagnið í framkvæmdina sjálfa, íbúum borgarinnar til heilla.

Í þessum hverfum býr fjöldi borgarbúa við mikla innviðaskuld og ekki tækt að bíða með viðhald gangstétta lengur og því mikilvægt að horfa til fjárfestingaráætlunar sem unnin er þetta haustið. Þessi hverfi eru eldri og innviðir í samræmi við það orðnir verulega lúnir. Oft er tekið inn í umræðuna hver á hvaða stíga og að stór hluti þeirra stíga í borginni sem hvað ónýttastir eru séu í raun eign húsfélaga. Samhliða áttakinu er lagt til að settur verði





upp hvatasjóður sem hægt er að sækja í styrk fyrir hluta af framkvæmdinni, væri það borgarbúum til bóta.